



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

**VERKFUNDARGERÐ**

Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni <b>Verkfundur</b>		Fundarstaður Ráðhús Borgarbyggðar		Nr. fundar #3
Fundarboðari Guðmundur Danielsson	Fundarritari Guðmundur Danielsson	Fundardags. 4/09/2019	Fundartími 9:30	Dags. Fundarg. 4/09/2019
Fundarmenn Börkur Brynjarsdóttir (BB) Guðmundur Danielsson (GD) Gunnlaugur A. Júlíusson (GJ) Sigurjón Hallvarðsson (SH) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI)	Fyrirtæki SH- Leiðarinn ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf Heflun ehf			
Fjarverandi Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)	Fyrirtæki			
Dreifing Fundarmenn	Fyrirtæki			
Dagskrá Fundar Skv fundarboði	Dagsetning næsta fundar 16/09/2019	Tími næsta fundar 9:30		
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárlíðir	Ábyrgð / ags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar</b> Fundargerð síðasta fundar hefur ekki borist fundarmönnum. GD tilkynnir breytt verklag varðandi meðferð fundargerða. Þær verða sendar í kjölfar funda til yfirlestrar til þess að gefa fundarmönnum. Á næsta verkfundi verða tvær fundargerðir samþykktar.	GD
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> Farin var skoðunarferð með verktaka og fleiri aðilum um svæðið frá Reykholti að Húsafelli þann 3.9 eins og gert var ráð fyrir. SH lýsti yfir ánægju með verðina og að hún hafi verið gagnleg. Í ferðinni komu fram upplýsingar sem vinna þarf úr áður en allar niðurstöður varðandi áfanga 2 og 3 liggja fyrir.	
3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Unnið er við áfanga 5 (frá Kláffossi að Varmalandi). Vinna við áfangann gengur vel, verktakar eru að finna takt í jarðvinnu. Samskipti við landeigendur og aðra hagsmunaaðila hafa verið farsæl og verktaka tekið vel við vinnu sína. SI ræddi einstök átvik á lagnaleið. M.a. hvernig taka bæri á óskum landeigenda um að nýjar girðingar verði ekki rofnar. Slíkt atvik hafi komið upp og valdi verktaki að keyra vélar töluverða leið til að koma á móts við slíka ósk. GD lagði til að framvegis, og eftir að eftirlitsaðili verði kominn til starfa, verði slík atriði leyst í samtali milli verktaka og eftirlitsaðila.	
4.	<b>Næstu skref og áfangar</b> Næstu áfangar eru áfangar 2 og 3. SI ræddi um þá ákvörðun verkkaupa að heimila öðrum verktaka að vinna hluta af þeim verkáföngum. Bent í fundargerð sveitarstjórnar og önnur gögn því til stuðning og lýstir yfir óánægju með fyrirkomulagið. Áfangarnir tveir væri þar með orðnir sundurslitnir og ekki í samræmi við aðra verkáfanga. Einnig sætti það furðu að óskað væri eftir því að	

SAX

SYH

SI

B3

BJ



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	verktaki verksins kæmi inn í verkáfangana og kláraði það í stað þess að þeir sem höfðu unnið við áfangana kláruðu þá. GD sagði að hans skilningur, m.a. eftir samtöl við verktaka og niðurstöðu síðasta ver�fundar væri að verktaki hefði áhuga á því að taka við áföngunum í þeirri verkstöðu sem nú væri uppi. M.a. þess vegna hafi skoðunarferð gærðagsins verið ákveðin, til þess að ná utan um umfang þess sem unnið hefði verið og þess sem eftir væri. Einnig bent GD á að áfanga 2 og 3 væri hluti af verkáætlun verktaka og einmitt þess vegna væru þeir til umræðu nú, sem næstu áfanga til vinnslu. Ákvörðun tekin um að niðurstaða skoðunarferðar gærðagsins verði skjalfest og send fundarmönnum. Eftir að það liggur fyrir taki verktaki afstöðu til málsins og leitað verði niðurstöðu á næsta ver�fund. Komi til þess að áfangar 2 og 3 verði ekki næstir á dagskrá verði áfangi 4 næstur í vinnslu. Undirbúnингur miðar því að því.	
5.	<b>Önnur mál er varða efni fundarins</b> SI sagði frá vandræðum er snúa að lestri GPS gagna inn í tæki verktaka. Lýsing er sú að hannaðar línum koma fram á kortum en hnit fylgi ekki með. Einungis komi hnit á upphafs- og endastað línu. GD og Haraldur hjá Heflun vinna sameiginlega að lausn.	GD
6.	BB spurðist fyrir um það hvort að hægt væri að fá nærmyndir á pdf formi af tengistöðu þar sem að inntök kæmu skýrt fram. GD tók fram að inntök á tengistaði þyrftu, fram á síðustu stundu, að vera ákveðið í samráði við húsráðendur. Mikilvægi eftirlitsaðila er mikið hvað þennan þátt varðar. GD lagði áherslu á að þó svo að inntök séu ákveðin í undirbúningsferð geti afstaða húsráðenda breyst á þeim tíma sem líður þar til framkvæmdir hefjast. Oft kæmu slíkar ábendingar mjög seint upp en taka þyfti tillit til þeirra. Sjálfsgagt er að útbúa slíkar myndir, en þó með ofangreindum fyrirvara, þ.e. að val á inntaksstað geti hnökast til fram að framkvæmd.	
7.	GD fór yfir verkáætlun og lagði áherslu á að hún væri lifandi gagn. Eftir því sem þekking verktaka á aðstæðum og legu sveitarfélagsins m.t.t. til hönnunargagna yrði meiri væri sjálfsgagt að hnika uppröðun áfanga til. Verktaka er kunnugt um þau atriði sem liggja til grundvallar uppröðun áfanga af hálfu sveitarstjórnar, m.a. að flýta tengingu grunnskóla sem kostur er. SI ræddi um að ein af forsendum fyrir uppröðun áfanga gæti verið að leggja áherslu á þau svæði þar sem að fjarskiptamál eru í sem verstu ástandi. Fundarmenn fagna umræðu um þessi mál og meðvitaður um að uppröðun verkáfanga kann að hliðrast til.	
8.	SE spurðist fyrir um ráðningu á eftirlitsmanni. GD svaraði því til að málið yrði tekið fyrir hjá byggðarráði og niðurstöðu væri að vænta á næstu dögum.	
9.	Fleira ekki rætt.	

  
Samþykki verktaka

  
Samþykki verkkaupa

SI

SY 2